Reykjavíkurborg

Reykjavík, 2. desember 2021
FAS21120032

***Tungusel 7, sala á íbúð 302***

Óskað er eftir heimild borgarráðs til að ganga frá sölu á íbúð 03 02 í Tunguseli 7 til Félagsbústaða hf. kt. 510497-2799 fyrir krónur 45.400.000.

*Greinargerð:*

Borgarráð fól eignasjóði árið 2017 að kaupa íbúðir sem lið í því að leita tímabundinna lausna til aukningar á félagslegu húsnæði í Reykjavík. Um var að ræða tímabundna ráðstöfun. Íbúðir voru síðan framleigðar til velferðarsviðs en hafa verið í rekstri Félagsbústaða. Félagsbústaðir hafa óskað eftir að eignast nokkrar af þessum íbúðum og er þetta liður í því. Fengið var verðmat tveggja óháðra löggiltra fasteignasala og er söluverð meðaltalsverð verðmata.

Íbúðin er á 3. hæð, 88,2 fermetrar að stærð og fasteignamat 2021 er krónur 35.000.000.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig
skrifstofustjóri eignaskrifstofu
Fjármála- og áhættustýringarsvið

Hjálagt:

Verðmat Remax fasteignasölu, dags. 9. desember 2021
Verðmat Höfða fasteignasölu, dags. 9. desember 2021

# Verðmat
# Tungusel 7

HÖFÐI FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 52
Bláu húsin við Faxafen
kt. 590392-2869
Sími 533 6050
www.hofdi.is
Ásmundur Skeggjason, *löggiltur fasteignasali*
Runólfur Gunnlaugsson, *löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali*

| Fasteign | Byggingargerð | Heildarflatarmál | Herb. | Stofur | Sv.h. | Baðh. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Tungusel 7 | Fjölbýlishús | 88.2 m² | 3 | 1 | 2 | 1 |

| Sölutegund | Skoðunardagur | Skoðunarmaður |
|---|---|---|
| Einkasala | - | Ásmundur Skeggjason |

| Aðili | Tengsl | Kennitala | Sími | Farsími | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavíkurborg - eignasjóður | Þinglýstur eigandi | 570480-0149 | - | - | 100.0% |
| Reykjavíkurborg | Þinglýstur eigandi | 530269-7609 | - | - | 100.0% |

| Fastanúmer Eignar | Sveitarfélag | Landnúmer | Mhl. | Nh. | Nr. íb. |
|---|---|---|---|---|---|
| 205-4709 | 109 Reykjavík | 112890 | 02 | 03 | 02 |

**Eign**

| Brunabótamat | Fasteignamat | Lóðarmat | Fasteignamat alls | Leigutekjur |
|---|---|---|---|---|
| 32.700.000 kr. | 30.450.000 kr. | 4.550.000 kr. | 35.000.000 kr. | - |
| **Byggingarefni** | **Byggingargerð** | **Byggingarár** | **Flatarmál** | **Afhending** |
| Steypt | Fjölbýlishús | 1977 | 88.2 | Samkomulag |
| Brunabótamat | Fasteignamat | Byggingarár | Flatarmál | Byggingarefni |

| Fasteignagjöld (ár) | Fráveitugjöld (ár) | Brunatrygging (ár) | Húsfélagsgjöld (mán) | Framkvæmdagjald (mán) |
|---|---|---|---|---|
| - | - | - | kr. | - |

| Lóðarréttindi | Vatns- og frárennslislagnir | Raflagnir | Lóð |
|---|---|---|---|
| - | Upphaflegar | Upphaflegar | Frágengin lóð |

| Upphitun | Gler | Þvottahús | Inngangur | Eignaskipti |
|---|---|---|---|---|
| Hitaveita | Tvöfalt gler | sam | Sameiginlegur | Bæði |

| Fyrirhugaðar endurbætur | Kvaðir | Gallar |
|---|---|---|
| | | |

Lýsing
**Falleg og vel skipulögð 3 ja herbergja íbúð á 3. hæð í snyrtilegu vel staðsettu húsi. Nýlegir gluggar eru í íbúð.**

Komið er inn í parketlagt hol, skápur. Tvö parketlögð herbergi sem bæði eru með fataskáp. Stofa er parketlögð útgangur er á svalir. Baðherbergi er flísalagt, baðkar með sturtuaðstöðu. Eldhús er parketlagt, nýleg innrétting, borðkrókur, t.f. þvottavél.

Sér geymsla á 1.hæð auk hefðbundinnar sameignar.

**Allar nánari upplýsingar veitir Ásmundur Skeggjason fasteignasali as@hofdi.is, Gsm 895 3000.-**

| Söluverð | Dagsetning verðmats |
|---|---|
| 45.900.000 kr. | 8. desember 2021 |

Framanskráða eign hefur undirritaður metið eftir bestu samvisku og þekkingu. Hann hefur fylgt viðurkenndum matsaðferðum. Undirritaður hefur skoðað eignina sjálfa og auk þess stuðst við gögn og upplýsingar sem hann hefur aflað sér. Undirritaður lýsir því yfir að hann er ekki í neinum hagsmunatengslum við matsbeiðanda eða eigendur eignarinnar né sé hann nákomin þeim vegna vensla eða vinskapar.

# VERÐMAT

## Tungusel 7,109 Reykjavík

Undirritaður hefur skoðað og metið til markaðsverðs framangreinda eign að beiðni Félagsbústaða hf., kt. 510497-2799

**Lýsing á hinni metnu eign**
Um er að ræða 3ja herbergja íbúð á 3. hæð í góðu fjölbýlishúsi. Eignin er skráð 88,2 fm, þar af geymsla 6,2 fm Eignin er með fastanr. 205-4709, merkt 02-0302.

Komið er inn í **anddyri** með skáp. **Stofa** er rúmgóð með útgengi út á suðursvalir. **Eldhús** með hvítri innréttingu. Ofn, helluborð og vifta. Stæði fyrir þvottavél. **Baðherbergi** er flísalagt í hólf og gólf, baðkar með sturtu, innrétting með vaski og upphengt salerni. **Hjónaherbergi** er rúmgott með stórum skápum. **Herbergi** er með skáp. Samstætt parket er á íbúðinni fyrir utan baðherbergi. Í kjallara er **sérgeymsla** íbúðar. Í sameign er vagna- og hjólageymsla og sameiginlegt þvottahús. Sameign er snyrtileg og ytra byrði hússins í mjög góðu lagi.

| | |
|---|---|
| Byggingarár: | 1977 |
| Byggingarefni: | Steypt |
| Fastanúmer: | 205-4709 |
| Flatarmál íbúðar: | 88,2 fm |
| **Húsmat:** | 30.450.000.- |
| **Lóðarmat:** | 4.550.000.- |
| **Fasteignamat alls:** | 35.000.000.- |
| **Brunabótamat:** | 32.700.000.- |

Umbeðið verðmat tekur m.a. mið af núverandi markaðsaðstæðum, og þeim greiðsluskilmálum sem tíðkast á almennum fasteignamarkaði. Matið byggir einnig á opinberum matstölum sem lágu fyrir við skoðun og verðmat. Fasteignasali hefur í dag skoðað og verðmetið ofangreinda eign og auk þess stuðst við upplýsingar sem hann hefur sjálfur aflað sér. Eignina hefur fasteignasali verðmetið eftir bestu samvisku og þekkingu, og lýsir því yfir að hann er ekki í neinum hagsmunatengslum við eiganda hennar. Verðmat er ekki ábyrgðaryfirlýsing um endanlegt söluverð á nauðungarsölu:

Áætlað söluverð miðað við ástand eignarinnar og markaðinn eins og hann er í dag: **Kr. 44.900.000,-**

**Skrifað:fjörtíuogfjórarmilljónirogníuhundruðþúsund 00/100**

**Framangreindar stærðar- og matstölur eru samkvæmt skrá Fasteignamats ríkisins, dags.06.12.2021.**

Reykjavík, 09.12.2021.

Gylfi Jens Gylfason hdl.
kt. 190574-5699

Gylfi Jens Gylfason

Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
Lögmaður
gylfi@remax.is